

Alþingi  
Erindi nr. Þ 121 / 420  
komudagur 12 / 12 1996

Kennarafélag  
Kennaraháskóla Íslands  
Kennaraháskólanum  
við Stakkahlíð  
105 Reykjavík

---

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis  
Alþingi  
150 Reykjavík

Reykjavík, 10. desember 1996

Umsögn um frumvarp til laga um lífeyrisréttindi starfsmanna ríkisins

Kennarafélag Kennaraháskóla Íslands hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um lífeyrisréttindi starfsmanna ríkisins. Frumvarp þetta er niðurstaða af viðræðum á milli fulltrúa heildarsamtaka opinberra starfsmanna og fulltrúa fjármálaráðherra. Hefur félagið fylgst með gangi þessara viðræðna á vettvangi heildarsamtaka sinna.

Það er mat félagsins að niðurstaða þessara viðræðna, þ.e. fyrirbyggjandi frumvarp, feli í sér ásættanlega niðurstöðu fyrir félagsmenn. Þar stendur upp úr að heildarréttindi í hinu nýja kerfi eru talin af tryggingafræðingum jafnverðmæt og í núgildandi kerfi, enda þótt kerfinu sjálfu sé breytt í grundvallaratriðum. Áskilið er að þeim sem nú eru í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins og Lífeyrissjóði hjúkrunarkvenna verði gert kleift að vera áfram í þessum sjóðum með óbreytt réttindi.

Félagið mun fylgjast með framgangi málsins og mun við kröfugerð vegna komandi kjarasamninga nú eins og jafnan áður gera áskilnað um að heildarverðmæti lífeyrisréttinda verði óskert.

Virðingarfyllst,  
f.h. Kennarafélags KHÍ

  
Gunnar J. Gunnarsson, formaður